

Márt 26/1 1967

STARFSSKÝRSLA AGÚSTS ARNASONAR

HJÁ SKÓGRAKT RÍKISINS

ÁRID 1966

Frá áramótum og fram til 9. maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

9. - 14. maí fór ég í Hallormsstað og Vagli að kenna meðferð á Jo-Bu Starlet keðjusögum.

Eg var í Skorradal og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar þar frá 18. maí til 5. október, en eftir það var ég á skrifstofunni í Reykjavík.

20. - 25. október var ég við fræsófnun í Skaftafelli í Öræfum með Garðari Jónssyni og fleirum.

Hér fer á eftir ársskýrsla yfir helztu framkvæmdir o. fl. Skógræktar ríkisins í Skorradal árið 1966.

Veðurfar.

Seinnihluti vetrar var fremur þurr og næðingasamur og veturinn allur með kaldara móti. Frost var lengi í jörð. I

seinnihluta ágúst var frost ekki hlánað á einstaka stað úr mýrum í Andakíl.

Vorið kom fremur seint og næturfrost voru tíð fram til 21. maí.

Frá 21. maí til 17. júní var votviðrasamt, sunnan og suðaustanátt og sólar lítið.

Frá 17. júní til 6. júlí var norðlæg átt meira ríkjandi og sólríkt með kóflum. Votviðrasamt var svo fram til 10. júlí. Þá gerði hæga norðanátt og 19°C hita og hreinviðri hélt síðan fram til 17. júlí. Þá kom á suðaustan rok og rigning. Úrkamusamt var fram til 22. júlí, en bjartviðri og hlýindi var að mestu ríkjandi til 24. ágúst. Næstu fimm dagar voru úrkamusamir, en síðan hélt bjartviðri fram eftir september.

8. sept. var fyrsta frostnóttin á haustinu. Kartoflugras féll þá að mestu, en ekki varð vart neins skaða á trjáplöntum.

Um 13. sept. snerist til sunnanáttar og suðlæg átt hélt til 27. sept. Síðan var haustið fremur góðviðrasamt.

I ár voru engar veðurfræcilegar mælingar gerðar í Hvammi en æskilegt væri að gera hámarks og lágmarks hitamælingar ásamt úrkumumælingu næsta sumar.

Laufgun - lauffall.

Birkiskógrinn mátti heita allaufgaður 10. júní, en lerkið 31. maí.

Um 16. júní var grenið yfirleitt byrjað að vaxa. Rauðgreni frá Baden byrjaði voxt nokkru seinna en onnur rauðgreni kvæmi.

Lauffall á birki var um mánaðarmótin sept. okt.

Á Stálpastöðum byrjaði lerkio frá Arkangelsk að gulna mun fyrr en Heinola lerkio.

Voxtur og brif trjánna.

Ársvöxtur var yfirleitt ágætur og jafn betri heldur en í fyrra. Nokkur brogð voru að því, að langir árssprotar brotnuðu af Sitkagreninu. Stundum var það vegna þess að þeir voru nagaðir af maðki.

Skógarmaðkur var ekki mjög áberandi og sama er að segja um blaðlús.

Furulúsín var ekki áberandi framan af sumri en fór mjög vaxandi þegar kom fram á sumarið. Af efnum þeim, sem notuð voru á furulúsina í fyrra, var greinilegt að Xylamon í díselolíu hafði gefið beztan árangur, en olli nokkrum skaða á barrinu, sem var viða allbrúnt eftir sprautunina.

Barrplöntur komu yfirleitt vel undan vetri og engar skemmdir voru sjáanlegar þar sem þær voru í skjóli kjarrsins, en á bersvæði voru nokkur brogð af windsvionun, sérstaklega í Hvammshlíðinni.

Ekkert kal sást á ösp né viði eftir veturninn.

23. ágúst tók ég eftir litarbreytingu á neðstu greinunum á stóru Sitkagrenitrjánnum í Háafellsreitnum. Við nánari athugun kom í ljós að þarna var aragrúi af örsmáum skordýrum, sem Haukur Ragnarsson talai vera tegundina Paratetranychus ununguis. Þegar ég fór að sprauta þessi tré með Rogor nokkru seinna, sá ég að óþrif þessi voru allt útbreidd á rauogreninu þarna í reitnum.

26. sept. sprautaði ég aftur alls staðar í Háafellsreit þar sem

einhver merki sáust eftir konguling þennan, með Mota Kvaster og Berol.

Mæld var hæð og árssprotar á barrplontum í nokkrum elztu reitunum á Stálpastöðum. Tölur frá þeim mælingum fara hér á eftir.

| Tegund | | Meðal hæð cm | Ársspr. cm |
|-------------------------|----------|--------------|------------|
| Sitkagreni Pt. Pakenham | '52 R115 | 118 | 15.8 |
| Rauðgreni Rana | '52 R152 | 139 | 23.0 |
| Skógarfura Troms | '53 R132 | 101 | 12.6 |
| Stafafura Skagway | '54 R142 | 168 | 31.9 |
| Sitkagreni Homer | '56 R232 | 86 | 20.2 |
| Rauðgreni Fellingfors | '56 R151 | 98 | 16.5 |
| Rauðgreni Namdal | '59 R283 | 69 | 11.2 |

Starfsfólk og launagreiðslur.

Þrír piltar og ráðskona voru ráðin yfir allt sumarið, en meðan á gróðursetningu stóu voru þrír unglungar ráðnir til viðbótar.

Launagreiðslur einstaka mánuði voru, sem hér segir:

| | | | |
|-------|-----|-----------|------------------------|
| Mai | kr. | 10.811.78 | |
| Júní | - | 64.716.44 | |
| Júlí | - | 49.029.08 | |
| Agúst | - | 42.107.73 | |
| Sept. | - | 26.535.50 | |
| Okt. | - | 1.896.40 | Samtals kr. 195.096.93 |

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda:

| | | |
|-----------------------------------|-------------------|-----------------|
| Gróðursetning Hvammi | kr. | 46.963.59 |
| Grisjun Hvammi | - | 22.363.81 |
| Girðing Hvammi | - | 21.577.06 |
| Viðhald Hvammi | - | 13.794.65 |
| Aburður Hvammi | - | 12.632.42 |
| Sáning birki Hvammi | - | 1.815.68 |
| Lúpínan Hvammi | - | 818.90 |
| Verkfæri Hvammi | - | 1.672.10 |
| Eldiviður Hvammi | - | 285.94 |
| Gróðursetning Stálpastöðum | - | 27.150.68 |
| Grisjun Stálpstöðum | - | 3.438.20 |
| Girðing Stálpastöðum | - | 1.158.30 |
| Lúpínan Stálpastöðum | - | 12.069.20 |
| Aburður Stálpastöðum | - | 7.935.16 |
| Brautirnar Stálpastöðum | - | 8.493.20 |
| Mælingar | - | 4.508.40 |
| Háafellsreitur | - | 6.685.34 |
| Gróðursetning og grisjun Selskógi | <u> </u> | <u>1.740.30</u> |
| Alls kr. | | 195.096.93 |

1966

Giroingar.

Girt var um 250^m long giröing vestan við gróoursetninguna, sem er heim undir túni í Hvammi. Notað var gamalt efni í pennan giröingarspotta. Enn þá vantar parna renglur á milli staura.

Girt var upp og færð, um 180 m long giröing fyrir ofan tún í Hvammi og látið parna nýtt hlið. Notað var nýtt og gamalt efni í þetta.

Færður var ofar og fjær vegi neðri kantur giroingar um Háafellsreit. Þetta er um 140 m long giröing og notað var í hana nýtt net og járnstaurar. Parna var einnig gengið frá nýju gonguhliði.

Auk fyrnefndra endurbóta á giroingum var farið með ollum giroingum og gert við bilanir,

Ekkert var unnið í Indriðastaðagiröingu.

Gróoursetningar.

Byrjað var á að gróoursetja Alaskalúpínu. Lúpína var gróoursett í vegarflogin á Stálpastöðum á svæðinu frá Stóragili út að bænum. Plönturnar voru teknar úr lúpinubreiðunum fyrir ofan og vestan bæinn.

Við sumarbústað Hauks Thors voru teknar upp nokkur hundruð lúpinuplöntur og gróoursettir í vegarflogin fyrir ofan veg í Hvammi.

Í Skorradalnum voru gróoursettir alls rúmmlega 60 þúsund barrplöntur. Þar af komu frá Tumastöðum: 20.000 rauðgreni N-Trøndelag Ytre, 2.000 stafafura, Barkerville og 5.000 lerki

Arkangelsk. Frá Hallormsstað komu: 22.525 rauðgreni Otterøy,
10.000 hvítgreni Seward og 1.000 Evrópulerki Graubünden.

Auk þessa voru gróðursettar um 200 plöntur af lauftrjám
meðfram veginum á Stálpastöðum og heim við húsið í Hvammi.

Tegundir: Alaskaösp, Bingvíðir, viðja og gráreynir.

Gróðursetning á barrplontum hófst 7. júní og lauk 7. júlí.

Tafla yfir gróðursetningar:

Stálpastöðir:

| Tegund | Kvæmi | Aldur | Tala | Reitur | Plantað dag. |
|--------------------------|-------|---------------|--------|------------|--------------|
| Rauðgreni N-Trøndel. | 3/3 | 5.000 | 0.10.3 | 15-20/6. | |
| Rauðgreni N-Trøndelag Y. | 3/3 | 3.000 | 0.10.1 | 20/6. | |
| Rauðgreni N-Trøndelag Y. | 3/3 | 4.400 | 231 | 21/6.-7/7. | |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 2.200 | 0.10.2 | 4/7. | |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 700 | 0.10.1 | 4/7. | |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 3.600 | 185 | 5-7/7. | |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 3.000 | 1.10.1 | 4/7. | |
| Evrópulerki Graubünden | 3/3 | 1.000 | 123 | 22/6. | |
| Lerki Arkangelsk | 3/0 | 1.780 | 1.11.2 | 15/6. | |
| Lerki Arkangelsk | 3/0 | 1.875 | 0.11.1 | 15/6. | |
| | | <u>26.555</u> | | | |

Hvammur:

| | | | | |
|--------------------------|-----|---------------|------|------------|
| Lerki Arkangelsk | 3/0 | 1.000 | 141 | 7-8/6. |
| Rauðgreni N-Trøndelag Y. | 3/3 | 3.600 | 141 | 14/6. |
| Rauðgreni Otterøy | 3/3 | 22.000 | 711 | 26/6.-2/7. |
| Rauðgreni Otterøy | 3/3 | 600 | 614 | 2/7. |
| Rauðgreni N-Trøndelag Y. | 3/3 | 300 | 131 | 10/6. |
| Rauðgreni N-Trøndelag Y. | 3/3 | 3.200 | 1.11 | 14/6. |
| Lerki Arkangelsk | 3/0 | 120 | 131 | 13/6. |
| Lerki Arkangelsk | 3/0 | 180 | 1.10 | 10/6. |
| Stafafura Barkerville | 3/0 | 1.600 | 141 | 9/6. |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 100 | 141 | 22/6. |
| | | <u>32.700</u> | | |

Selskóður Indriðastöðum:

| | | | |
|-----------------------|-----|--------------|-------|
| Rauðgreni N-Trøndelag | 3/3 | 500 | 6/7. |
| Hvítgreni Seward | 3/3 | 500 | 6/7.. |
| Stafafur Barkerville | 3/0 | <u>160</u> | 6/7. |
| | | <u>1.160</u> | |

Á Stálpastöðum var gróðursett í túnið rauðgreni og hvítgreni, í túnþórunum nokkrar plöntur af lerki (R 0.10.3, 0.10.1, 0.10.2, 1.10.1 og 0.11.1). Í R 231 var gróðursett rauðgreni til uppfyllingar í blágreni frá 1956. Hvítgreni var gróðursett í bezta blettina í R 185 í Halldórlundi. Barna er viða lélegt land til gróðursetningar, og hefur ekki áður verið gróðursett í það nema Alaskalúpína. Evrópulerkið var gróðursett í gisna Sitkagreni-gróðursetningu frá 1957.

I Hvammi var aðallega gróðursett í framhaldi af jólatrésreitnum R711. I Lækjarhvammana fyrir vestan túnið var gróðursett lerki, rauðgreni, stafafura og hvítgreni (R 141). Barna var sáð dálitlu af Bæjarstæðabirkí.

Fyrir austan túnið og utan girðingar voru til reynslu gróðursettar nokkrar plöntur af rauðgreni (R131).

Gróðursett var til uppfyllingar í staðinn fyrir daudar plöntur í tveim reitum í girðingu Hauks Thors (R 1.10 og 1.11).

I Selkskógi, Indriðastöðum voru gróðursettar nokkrar plöntur til reynslu í ógirt beitilandíð.

Grisjun.

Grisjaðir voru í Hvammi um 3 ha. fyrir gróðursetningu næsta árs. Auk þess var grisjað um einn ha. í giroingu Hauks Thors þar sem bætt var inn í eldri gróðursetningar.

Grisjað var á Stálpastöðum í R 185 þar sem hvítgrenið var gróðursett.

Hirðing skóglenda.

Klippt var frá plöntum eftir þörfum samhliða áburðar-dreifingunni. Farið var um skógin fyrir neðan línu I á Stálpastoðum og höggnar daudar plontur og fluttar burt. Sprautað var í Háafellsreit með skordýraeitri.

Áburður.

Alls var borið á um 9 ha svæði.

Í Hvammi var tilbúinn áburður borinn á jólatrésreitina í R 621, 622 og 721. Í gírðingu Hauks Thors var borið á R 1.11, 1.12 og 1.15.

Aðallega var notuð samskonar áburðarblanda og undanfarin ár.

Vegagerð.

Lagfærð var 1.5 km löng braut fyrir dráttarvél eftir línu I á Stálpastoðum, utan frá Stálpastaoatúni innundir Merkigil. Unnið var að þessu með handverkfærum. Samhliða því að vera vegur fyrir dráttarvél á braut þessi að vera til eldvarna í Stálastaðahlíðinni.

Byggingar.

Kjallarinn í húsinu í Hvammi var með versta móti í summar. Á tímabili flæddi inn í hann þæci rigningarárvatn og skolpið úr skolpleiðslunni, svo standa varð við að ausa með skóflu upp í

fötur af eldhúsgólfínú. Til bráðabirgoa úrbótar á pessu ástandi var látið niðurfall í búrið og plastleiðsla lögð frá vaski í eldhúsi og niður fyrir barðið fyrir framan húsið.

Vatnsleiðslan að húsinu bilaði og var gert við hana.

Dúkur var lagður á gólfio í klósettinu.

Nokkrar endurbætur voru gerðar á raflogn t. d. settur tengill fyrir þvottavél í kjallara.

Ýmislegt.

A Stálpastöðum og í Hvammi er unnið að ýmsum tilraunum og athugunum á ræktun barrplantna. Þarna eru nú nokkuð margir reitir, sem mæla verður hverja plöntu árlega og er þetta alltímafrekt. Hér á eftir skal greint frá nokkrum af þessum athugunum.

Reitur 283 Stálpastöðum

Plöntur: Rauðgreni Namdal '59.

Samanburður á notkun tilbúins áburðar.

| Áburður pr. plöntu í ágúst 1963 | Mæling 1963 hað árspr. cm | 1966 hað árspr.cm |
|---------------------------------|------------------------------|----------------------|
| 60 g ureaform | 43.4 6.0 | 69.8 11.5 |
| 30 g ureaform | 43.8 5.4 | 68.4 11.4 |
| 50 g kalksaltþétur | 42.1 4.9 | 71.9 10.8 |
| áburðar laust | 42.6 5.3 | 65.3 10.5 |

Þarna við hliðina á þessum tilraunareit var borin vanaleg blanda af tilbúnum áburði 1964. Plöntur: Rauðgreni, Vang Hedmark '59. Þessar plöntur hofðu greinilega betra útlit og meðal hað var í haust 74.6 cm og árssproti 13.6 cm.

Reitur 623 - 1 - 18 Hvammi.

Graseyðingartilraun fyrir gróðursetningu í graslendi.

Samanburður á notkun efnana:Dowpon, Gramoxone, Amizol, blöndu af Amizol og Dowpon og Dowpon og tilbúinn áburður til að eyða grasi fyrir gróðursetningu.

Graseyðing framkvæmd í ágúst 1963 og gróðursett í landið 1964. Plöntur: Rauögreni, Grane Vefsen.

| Graseyðingarefni | Mæling á plöntum 1966 hæð cm | ársspr. cm |
|---------------------------------|---------------------------------|------------|
| Dowpon | 23.5 | 4.51 |
| Gramoxone | 23.1 | 3.24 |
| Engin graseyðing | 22.7 | 4.38 |
| Amizol | 24.9 | 6.45 |
| Blanda Amizol og Dowpon | 22.1 | 4.50 |
| Kjarni Dowpon (þurrt) | 28.1 | 6.06 |
| Kjarni, prífosfat og kali | 23.6 | 4.98 |

Enginn sjáanlegur munur á plöntum hvort sem graseyðing hefur verið gerð eða ekki nema þar sem tilbúinn áburður var notaður, en þar eru plönturnar greinilega fallegastar. Rásirnar, sem voru sprautaðar eru núna orðnar upp grónar en þar sem blanda af Kjarna og Dowpon var notuð þar er ekkert gras næst plöntunum en gróskumikill graskragi í kring.

Reitur 612 Hvammi.

Samanburður á gróðursetningu með skóflu og haka

| Verkfæri | Mæling 1966 hæð cm | ársspr. cm | dauðar plöntur |
|--------------|-----------------------|------------|----------------|
| Haki | 18.97 | 1.67 | 17 |
| Skófla | 18.76 | 1.85 | 32 |

I R 623 í Hvammi var gerð í sumar tilraun til samanburðar á notkun tjörupappa kringum plöntur.

- 1) Allt gras og mosi reitt frá plöntunum og síðan láttinn tjörupappi.
- 2) Tjörupappi notaður án pess að grasið væri reitt frá.
- 3) Grasið og mosinn hreinsað vel frá plöntunum en ekki notaður tjörupappi.
- 4) Engin meðferð.

Plöntur: Rauðgreni, Grane Vefsen '64

Fróðlegt verður að sjá á næstu árum, hvort þarna komi fram verulegur mismunur á vexti.

Þarna rétt hjá var tilbúinn áburður óblandaður og blandaður borinn á, til samanburðar á áhrifum hans á vöxt plantananna. Þessar tegundir voru notaðar: Kjarni, fosfat, prífosfat, kali svo og minn vanalega áburaorblanda.

- - - -

Haldid var áfram í sumar beitarathugunum Atvinnudeildar Háskólangs í reitnum á Stálpastöðum.

- o -

I vor fengum við í Hvamm gamla Ferguson dráttarvél frá Vögnum. Mikill fengur var að fá þessa vél þó ekki sé til vagn fyrir hana enn þá. Vélin gekk vel í sumar og var mikill léttir að geta notað hana til flutninga á plöntum, áburði og giroingar-efni, sem annars hefur purft að bera langar leioir á bákinu.

Aætlun næsta árs.

Viðbygging við húsið í Hvammi.

Rífa þarf gamla fjósið og koma sem lengst framkvæmdum við fyrirhugða viðbyggingu. Því aðeins verður hægt að halda skógræktarframkvæmdum áfram í Skorradal, að viðunandi húsnaði fáist.

Mála þarf þókin á broggunum í Hvammi.

Kaupa þarf vagn fyrir dráttarvélina.

Í Seliskógi á Indriðastöðum þarf að hefjast handa með girðingaráframkvæmdir og giroð að minnsta kosti einn kant svæðisins.

Grisja þarf í Hvammi fyrir gróoursetningu næsta árs ca. 10 ha. Í ytri hestagirðingu í Hvammi þarf að höggva línum og hefja grisjun til undirbúnings gróoursetningu þar, en þarna eru mjög góðir blettir til gróoursetningar og liiggja betur við fyrir jólatrésrækt heidur en hátt í brekkunum fyrir ofan veg. Nú er senn lokið að gróoursetja í landið fyrir ofan veg, sem bezt liiggur við til jólatrésræktar.

Fara þarf um og klippa frá barrplontum á 15 - 20 ha svæði á Stálpastöðum og Hvammi.

Laga þarf brautir fyrir aráttarvélina svo vícar verði hægt að nota hana til flutnings á þróntum og áburði um skóglendin.

Eftir að góður vegur var lagður inn að Háafelli, hefur aukist mjög umferð um Háafellsreit, en þær eru að finna proska mestu barrtré Borgarfjarðar. Það er þess vegna nauosyn fyrir Skógræktina að hlynna vel að pessum reit. Þarna þarf að endurnýja

gircinguna í framhaldi við þao, sem gert var síðastliðið summar. Steypa þarf nýja hornstaura og setja nýtt net en megnir af staurunum má nota áfram. Þarna þarf að grisja og laga til og gróðursetja í staðin fyrir plöntur sem hafa drepið. Enfremur er askilegt að bera þarna á tilbúinn áburo.

Halda þarf áfram að gróðursetja lúpínu í vegafluginn á Stálpastöðum.

Nokkra vinnu þarf að leggja í grasreytingu í kring um plönturnar, sem voru gróðursettar í túnið á Stálpastöðum í fyrra.

Helzt þarf að auka áburoárdreifingu, því þao er augljóst af þeim árangri sem komin er frá undarförnum árum að áburoárdreifing borgar sig. Þetta á sérstakilega við um jólatrésræktina.

Gróðursetja þarf svipað magn og undanfarin ár og helzt: rauögreni, stafafuru og bergfuru.

Reykjavík í janúar 19⁷⁶

Agríð Þórsson